

Kynjaslagsíða í fréttum: Um fjölbreytni og lýðræðishlutverk fjölmiðla

Valgerður Jóhannsdóttir, lektor í blaða- og fréttamennsku, Stjórn mála-fræðideild Háskóla Íslands

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, nýdoktor í kynjafræði, Stjórn mála-fræðideild Háskóla Íslands

Útdráttur

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélögum. Lýðræði krefst þess að fólk hafi aðgang að upplýsingum og umræðu um samfélagsleg mál-efni. Það sem fjölmiðlar birta skiptir máli og lögum samkvæmt ber þeim að gæta þess að sjónarmið jafnt karla sem kvenna komi fram og að vinna að jafnrétti og jöfnum tækifærum allra kynja. Ísland, líkt og önnur Norðurlönd, hefur í fjölmörg ár verið ofarlega á alþjóðlegum listum um kynjajafnrétti. Markmið þessarar greinar er að skoða hvernig íslenskir fjölmiðlar spegla það. Hversu fjölbreyttar eru fréttirnar og hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Norðurlönd? Byggt er á gögnum sem aflað var í alþjóðlegu fjölmiðlavöktuninni *Gender and Media Monitoring Project* árið 2020. Færð eru rök fyrir því að karlaslagsíða sé meiri í íslenskum fréttamiðlum en ætla mætti miðað við stöðu kvenna innan íslensks samfélags almennt. Aðeins þriðjungur viðmælenda í fréttum eru konur og hlutur kvenna í fréttum hér á landi er einnig rýrari en annars staðar á Norðurlöndum. Ekki er afgerandi kynjaskipting eftir málefnaviðum í fréttum og konur koma ekki síður en karlar fram í tengslum við „harðar“ fréttir. Konum sem viðmælendum í innlendum fréttum hefur fjölgað umtalsvert frá fyrri rannsóknnum, en hlutfall kvenna í erlendum fréttum er enn lágt. Fáar konur eru í hlutverki sérfræðinga og álitsgjafa í fréttum, sem er ekki í samræmi við stöðu kvenna í samfélaginu. Niðurstöðurnar benda til þess að ráðast þurfi í aðgerðir



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 18, Issue 1 (69-94)

© 2022 Contact: Valgerður Jóhannsdóttir, vaj@hi.is

Article first published online June 23rd 2022 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. tbl. 18. árg. 2022 (69-94) Fræðigreinar

© 2022 Tengiliður: Valgerður Jóhannsdóttir, vaj@hi.is

Vefbirting 23. júní 2022 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.4>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

til að stuðla að jafnrétti og fjölbreytni í fjölmiðlum ef fjölmiðlar eiga að sinna lýðræðishlutverki sínu sem skyldi.

Efnisorð: Kyn og fjölmiðlar; fréttir; jafnrétti; samanburðarrannsókn; blaða- og fréttamennska.

Gender bias in the news: On diversity and the democratic role of the Media

Abstract

The media plays a key role in democratic societies. Democracy requires people to have access to information and discussion on societal issues. The responsibility of the media is great and according to Icelandic legislation, the media must ensure that the views of both men and women are expressed and work towards equality and equal opportunities for all genders. Iceland, like other Nordic countries, has been at the top of international lists on gender equality for many years. The objective of this paper is to examine how the Icelandic media reflects this. How diverse is the news in and how does Iceland compare with the other Nordic countries? Based on data collected in the *Gender and Media Monitoring Project* in 2020 we argue that the Icelandic media is more biased towards men than might be expected based on the position of women in Icelandic society in general. Only a third of interviewees in the news are women and women's proportion is lower than in other Nordic countries. Women are however not interviewed less than men in so-called "hard" news. The proportion of women interviewed in domestic news has increased significantly compared to previous studies, but it is still low in foreign news. Few women are in the role of experts in the news, which is not in line with women's position in society. The results indicate that measures need to be taken to promote equality and diversity in the media if the media is to fulfil its democratic role.

Keywords: Gender and media; news; equal rights; comparative research; journalism.

Inngangur

Fjölræði fjölmiðla og fjölbreytni í fjölmiðlum eru ein af undirstöðum lýðræðislegs samfélags (Tilskipun Ráðherranefndar Evrópuráðsins 2007/2). Með fjölbreytni í fjölmiðlum er átt við að í innihaldi fjölmiðlaefnis komi fram sjónarmið og skoðanir ólíkra hópa samfélagsins, sem endurspeglar öll kyn í öllum sínum margbreytileika.¹

Fjölbreytni í fjölmiðlum ýtir undir samfélagsmæðu, pólitískt fjölræði og meðvitund um fjölbreyttar skoðanir ólíkra hópa samfélagsins og er liður í því að tryggja tjáningarfrelsi og upplýsingarétt almennings í samræmi við mannréttindasáttamála Evrópu (Tilskipun Ráðherranefndar Evrópuráðsins 2013/1). Í samræmi við þessi sjónarmið hvíla ríkar skyldur á fjölmiðlum. Á Íslandi eru þær settar fram í lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir fjölmiðlalög), en þar kemur m.a. fram í 26. gr. að fjölmiðlaveitur

eigi að „halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi [í starfi sínu] [...] og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna“. Auk þess eru gerðar kröfur til fjölmiðla um að vinna að jafnrétti og jöfnum tækifærum karla, kvenna og fólks með hlutlausu skráningu kyns í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 (hér eftir jafnréttislög).

Því er gjarnan haldið fram að fjölmiðlar endurspegli einungis veruleikann í samtíma sínum. Ef sjaldan er rætt við konur í fréttum um pólitík og efnahagsmál til að mynda, sé skýringin einfaldlega sú að fáum konum sé til að dreifa á þeim vettvangi. Flestir fræðimenn telja þetta hins vegar mikla einföldun. Fréttir séu ekki hlutlaus framsetning á veruleikanum, heldur „afurð verkskiptingar og fyrirframgefina viðhorfa um fréttamat og fréttagildi“ (Ragnar Karlsson & Þorbjörn Broddason 2019, 205-206; sjá einnig Waisbord 2013; McNair 1998; Tuchman 1979; 1972). Djerf-Pierre og Edström (2020a) benda á að alltaf sé hægt að segja aðrar sögur, velja annað sjónarhorn og aðrar raddir. Niðurstöður rannsóknar þeirra benda til þess að kynjabilið sé meira innan og í fjölmiðlum en innan þjóðfélaganna sem þeir starfa í ef litid er til stöðu þeirra á alþjóðlegum listum um kynjajafnrétti (sama heimild). Ísland, líkt og önnur Norðurlönd, hefur í fjölmörg ár verið ofarlega á slíkum listum (World Economic Forum 2021). Þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á vankanta slíkra mælinga og mælitækja, þá hafa konur gegnt lykilstöðum í þjóðfélaginu síðastliðna áratugi (Þorgerður Einarsdóttir 2020). Árið 2020 var kona forsætisráðherra og leiddi ríkisstjórn sem hafði nokkuð jafnt hlutfall karla og kvenna sem ráðherra (55% á móti 45%) (Alþingi e.d.b). Kona gegndi hlutverki heilbrigðismálaráðherra og ráðherra ferðamála var einnig kona, hvort tveggja ráðuneyti sem mæddi mikið á í heimsfaraldrinum. Einnig voru tæplega 40% þingmanna konur (Alþingi e.d.a). Konur hafa verið meirihluti háskólanema síðan árið 1985 (Menntamálaráðuneytið 2002), og hefur hlutur kvenna sem sérfræðingar og í efstu stöðum í opinbera geiranum farið vaxandi (Hagstofa Íslands 2019), og gegndi kona m.a. embætti landlæknis árið 2020 (e.d.). Jafnframt leiddu konur heildarsamtök á vinnumarkaði, s.s. Alþýðusamband Íslands (e.d.) og BSRB (e.d.). Framgangur kynjajafnréttis í viðskiptalífínu hafði þó verið hægari, en konur voru rúmlega þriðjungur stjórnarmanna og 23% framkvæmdastjóra fyrirtækja árið 2019 (Hagstofa Íslands 2020). Ef fjölmiðlar spegla samtímann er við því að búast að hlutfall kvenna í íslenskum og öðrum norrænum fjölmiðlum sé hátt. Því spyrjum við: Spegla íslenskir fjölmiðlar þessa þróun? Hversu fjölbreyttar eru fréttir á Íslandi? Og hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Norðurlönd?

Til að svara þessum rannsóknarspurningum byggjum við á gögnum sem aflað var í alþjóðlegu fjölmiðlavöktuninni *Gender and Media Monitoring Project* (GMMP) árið 2020 og rannsóknaverkefniinu *The Worlds of Journalism Study* árið 2021. Niðurstöðurnar varpa ljósi á kynjuð valdatengsl (Weber 2009) í fréttum og innan fjölmiðla. Við færum rök fyrir því að meiri kynjagsíða sé í íslenskum fréttamiðlum en ætla mætti miðað við stöðu kvenna innan íslensks samfélags almennt. Hlutur kvenna í fréttum hér á landi er einnig rýrari en annars staðar á Norðurlöndum. Athygli vekur hins vegar að hlutur kvenviðmælenda í innlendum fréttum hefur vaxið mjög sem gæti verið tilfallandi eða vísbending um breytingar í jafnréttisátt. Byggt á kenningum um róttækt lýðræði (Karpainen 2008;

Curran 2011) færum við rök fyrir því að ráðast þurfi í aðgerðir til að stuðla að jafnrétti og fjölbreytni í fjölmiðlum ef fjölmiðlar eiga að sinna lýðræðishlutverki sínu sem skyldi.

Uppbygging fræðigreinarinnar er eftirfarandi: Fyrst förum við yfir fræðilegar undirstöður rannsóknarinnar, þar sem lögð er áhersla á lýðræðishlutverk fjölmiðla og mikilvægi fjölbreytni, sérstaklega út frá kynjasjónarmiðum, og ræðum kynjaslagsíðu í og innan fjölmiðla. Í kjölfarið förum við yfir aðferðafræði rannsóknarinnar og gerum grein fyrir niðurstöður hennar. Í lokakaflanum setjum við niðurstöðurnar í samhengi við fræðilega umfjöllum og svörum rannsóknarspurningunum. Einnig bendum við á að tækifæri eru til úrbóta til að viðhalda og efla lýðræðishlutverk fjölmiðla.

1. Fræðileg umræða

1.1 Fjölmiðlar og lýðræði

Saga blaða- og fréttamennsku og lýðræðis er nátengd. McNair rekur uppruna blaða- og fréttamennsku í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag, samsíða tilurð fyrstu lýðræðisríkjanna í byrjun 18. aldar (2009, 237). Í sama streng taka Niemann og Trappel (2018, 188) sem halda því fram að sögulega séu „órjúfanleg tengsl milli lýðræðis og fjölmiðla“ og að lýðræði sé óhugsandi án fjölmiðla. Flestir fræðimenn eru sammála um að til þess að lýðræði virki í raun verði fólk að hafa aðgang að upplýsingum og umræðu um samfélagsleg málefni (sjá td. Ragnar Karlsson & Þorbjörn Broddason 2019; Fenton 2014; Karppinen 2012; Alberg & Curran 2012; Trappel 2011). Umfjöllun um samfélagslega mikilvæg málefni, eins og stjórnsmál og efnahagsmál í víðum skilningi, hefur löngum verið talin til kjarnahlutverks blaðamennskunnar (Valgerður Jóhannsdóttir 2020; Reinemann o.fl. 2012). Rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð tengsl þekkingar almennings á samfélagslegum málefnum og umfjöllunar fjölmiðla um stjórnsmál og efnahagsmál. Þau sem fylgjast reglulega með fréttum eru betur upplýst um stjórnsmál, virkari í stjórnsmálum og færari um að staðsetja sig í umfjöllum um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni (Nielsen & Schröder 2013; Curran o.fl. 2010).

Fjölmiðlaumhverfið hefur gerbreyst á þessari öld. Framboð af fréttum hefur margfaldast og fjölmiðlar móta ekki opinbera umræðu líkt og þeir gerðu áður. Fólk getur nálgast fréttir og upplýsingar mun víðar en á hefðbundnum fjölmiðlum, til dæmis á net-síðum af ýmsu tagi og ekki síst á samfélagsmiðlum og aukið framboð hefur leitt til þess að fréttaneytendur eru mun dreifðari en áður var (e. audience fragmentation) (Elvestad & Shaker 2017; Bennet & Iyenger 2010; Karppinen 2008). Eigi að síður benda rannsóknir til þess að dagskrárvald fjölmiðla (e. agenda setting) sé enn þá verulegt (Djerf-Pierre & Shehata 2017; Shehata & Strömbäck 2013). Mikill meirihluti fólks sækir sínar fréttir til hefðbundinna ritstýrðra fjölmiðla, sem hafa einnig haslað sér völl á netinu (Bonfadelli o.fl. 2022; Newman o.fl. 2020; Newman o.fl. 2016). Samkvæmt nýlegri könnun á fréttaneytlu Íslendinga eru hefðbundnir ritstýrðir fjölmiðlar þeirra aðalfréttuappspretta (Valgerður Jóhannsdóttir 2021a). Sífelld fleiri nota samfélagsmiðla til að afla sér fréttu og upplýsinga af öllu tagi, einkum yngra fólk (Newman o.fl. 2016; Hölig o.fl. 2016) en traust til þeirra er mun minna en á hefðbundnum miðlum (Karlsen & Aalberg 2021; Kalogeropoulos 2019).

Í lögum og pólitískri stefnumótum flestra vestrænna ríkja um fjölmiðla er vísað í lýðræðislegt hlutverk þeirra. Í greinargerð frumvarps til fjölmiðlaga 2011 var mikilvægi fjölmiðla undirstrikað og þeir sagðir gegna lykillhlutverki í lýðræðisríkjum við að miðla upplýsingum og sem vettvangur umræðu (Þingskjal 215, 2010-2011). Í skýrslu nefndar um rekstrarstuðning við einkarekna fjölmiðla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2018, 9) er bent á að fjölmiðlar hafi rík réttindi og skyldur umfram önnur fyrirtæki á markaði, sem byggja á „eðli starfsemi fjölmiðla, m.a. til miðlunar á fréttum og fréttatengdu efni í lýðræðissamfélagi“.

Lýðræði er hins vegar margbrotið hugtak og það hvaða skilningur á lýðræði liggur að baki hefur áhrif á stefnumótum um fjölmiðla og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra (Karppinen 2012). Það er ekki markmiðið með þessari grein að gera grein fyrir ólíkum kenningum eða kjörmyndum lýðræðis, en sú nálgun sem höfundar byggja á verður stuttlega reifuð.

Í fræðilegri umræðu um fjölmiðla hefur um árabil verið ríkjandi nálgun rökræðulýðræðis (e. discursive democracy) og hugmyndir Habermas um almannarýmið (e. public sphere) (Karppinen 2008, 31). Í þeirri nálgun felst að áhersla er lögð á að tryggja skilyrði fjölmiðla svo þeir geti upplýst fólk um stjórnmál og athafnir valdhafa. „Þannig skapa fjölmiðlar forsendur fyrir upplýsta umræðu í lýðræðisríki og stuðla jafnframt skipulega að því að valdhafar skýri ákvarðanir sínar og standi fyrir máli sínu“ (Henry Alexander Henryson & Vilhjálmur Árnason 2019, 253). Í seinni tíð hefur önnur nálgun, kennd við róttækt lýðræði eða róttæka fjölhyggju (e. pluralism), sótt í sig vedrið, en hún er ýmist rædd sem útgáfa (e. version) af rökræðulýðræði eða sem sérstök kjörmynd eða líkan (Karppinen 2008; Curran 2011). Rökræðulýðræðið hefur verið gagnrýnt fyrir ofuráherslu á samstöðu í samfélaginu og rökræður í miðlægu almannarými, sem samræmist illa þeim margbreytileika sem einkenni flest nútímalýðræðisríki og margslungin valdakerfi þeirra. Almannarýmið er ekki eitt heldur mörg rými (Karppinen 2012; Curran 2011). Rökræðulýðræðisnálgunin er einnig sögð blind á valdaójafnvægi og ójöfnuð í samfélaginu (Jón Ólafsson 2016; Karppinen 2012; Webster 2011; Mouffe 2004).

Frá sjónarhóli róttæks lýðræðis er ekki nóg tryggja skilyrði fjölmiðla svo þeir geti upplýst fólk um stjórnmál og stuðla skipulega að því að valdhafar standi fyrir máli sínu. Róttæka lýðræðislíkanið er nálgun sem setur spurninguna um völd í brennidepil þegar kemur að stefnumótun um fjölmiðla (e. media politics) og Karppinen (2012) áréttar að lýðræðisvæðing sérhverrar félagslegrar stofnunar sé fyrst og fremst verkefni stjórnmálanna (e. political task). Þetta er sá fræðilegi rammi um lýðræði sem hér er byggt á og samkvæmt því lykilsurning hvaða stofnanafyrirkomulag (e. institutional arrangements) stuðlar best að því að minnka bilið í lýðræðislegri þátttöku ráðandi og undirskipaðra hópa. Róttæka lýðræðislíkanið miðar ekki að fjölbreytni fjölbreytninnar vegna, heldur spyr hversu inngildandi (e. inclusive) hin opinbera umræða sé í raun og leggur áherslu á mikilvægi þess að greina valdatengslin í almannarýmum. Hlutverk fjölmiðla er meðal annars að gefa þeim rödd sem eru jaðarsettir, útilokaðir og undirokaðir í samfélaginu (Curran 2011, 82).

Feminískar kenningar um kynjuð og samtvinnuð valdatengsl (e. gendered and inter-

secting power relations) eru gagnlegar til að greina stöðu jafnréttis í fjölmiðlum. Kyn, eða það sem kallast í fræðilegri umræðu kyngervi (e. gender), líkt og aðrir þættir sem móta stöðu fólks, s.s. stétt, kynhneigð og þjóðerni, eru félagslegar formgerðir (Connell 2021). Kerfin eru félagslega mótuð valdatengsl, sem eru breytileg eftir sögulegu og landfræðilegu samhengi, sem móta líf fólks og félagslega stöðu þess í samfélaginu. Kerfin eru tengd innbyrðis, en staða okkar ákvarðast af stöðu okkar í stigveldi allra þessara valdakerfa (Weber 2009). Valdatengsl endurspeglast í stigveldi þar sem einn hópur er í ráðandi stöðu gagnvart öðrum hópum, og hefur greiðari aðgang að fjárhagslegum, pólitískum og hugmyndafræðilegum auði (e. resources). Með því að beina sjónum að valdatengslum þá erum við „að gera sýnileg ósýnileg viðmið, ráðandi hópa, staðlana sem aðrir eru dæmdir eftir sem undirskipaðir“ (Weber 2009, 89–90). Þrátt fyrir að valdakerfin séu þráhaldin og allsráðandi, þá eru valdatengslin innan þeirra breytileg eftir stað og stund. Valdakerfin eru ákvörðuð í félagslegum samskiptum, og leikur togstreita milli hópa lykillhlutverk í breytingu valdakerfanna þar sem ráðandi hópurinn vinnur, í krafti auðs síns, að því að viðhalda valdastöðu sinni sem hópar neðar í stigveldinu mæta með andspyrnu (Weber 2009).

Fjölmargar fræðikonur hafa bent á að fjölmiðlar geti aðeins sinnt lýðræðislegu hlutverki sínu með takmörkuðum hætti ef þeir hafi ekki kynjajafnrétti að leiðarljósi í starfsemi sinni, hvort sem við framleiðslu eða í miðlun fjölmiðlaefnis (Sjá m.a. Padovani o.fl. 2022; Djerf-Pierre & Edström 2020a; Byerly 2013). Í *The Media for Democracy Monitor*-rannsókninni, sem framkvæmd var í 18 lýðræðisríkjum, kom fram að innan fjölmiðla er almennt takmörkuð þekking og skilningur á margþættum afleiðingum misréttis innan fjölmiðla og í fjölmiðlum. Fáar stofnanir hafa tekið upp verklagsreglur til að vinna gegn kynjamisrétti, og hafa fjölmiðlar almennt takmarkaða getu til að vinna gegn því (Padovani o.fl. 2022). Padovani og samstarfsfólk (2022) bendir á að án aðgerða sé ólíklegt að breytingar verði innan fjölmiðla. Til að stuðla að kynjajafnrétti og fjölbreytni þurfi að nálgast vandamálið með heildrænum hætti, m.a. út frá lagaumhverfinu, kerfislægum þáttum og menningarlegum þáttum. Stjórnvöld þurfi að setja sér stefnur sem ávarpa áskoranirnar sérstaklega og fjölmiðlar þurfi að innleiða verklagsreglur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk. Ráðast þurfi í sértækar aðgerðir og vakta framgang jafnréttismála, s.s. umfjöllunarefni út frá kyni og öðrum félagslegum þáttum sem skilgreina stöðu fólks. Í skýrslu Evrópuráðsins um fjölmiðla og kynjajafnrétti er vakin athygli á að aðgerðaleyfi fjölmiðla, m.a. með vöntun á kynjajafnréttisáherslum innan skipulagsheilda og í stefnumótun, ýtir undir menningu misréttis. Slík menning á þátt í hægum framgangi jafnréttismála og litlum breytingum á hugarfari innan fjölmiðla almennt (Council of Europe 2020).

Í umræðum um að beita ríkisvaldinu til að ná fram ákveðnum breytingum í fjölmiðlum, hvort heldur það er til að styrkja þá fjárhagslega, eins og nú er rætt hér á landi (Arnar Þór Ingólfsson 2022), eða til stuðla að kynjajafnrétti innan stofnananna og í miðlun fjölmiðlaefnis, vakna einatt spurningar um frelsi fjölmiðla og hvort afskipti ríkisvaldsins geti jafnvel verið ákveðin birtingarmynd ritskoðunar eða brot á tjáningarfrelsi þeirra (Padovani o.fl. 2022; Neff & Pickard 2021; Edström 2015; Curran o.fl. 2009). Kynjajafnrétti

og tjáningarfrelsi eru hins vegar undirstöður mannréttinda og lýðræðis, og ætti að nálgast með samvinnuðum hætti frekar en sem andstæð réttindi (Evrópuráðið 2020). Í því samhengi benda Djerf-Pierre og Edström (2020a) á að með inngildingunni kvenna, frekar en útilokun, séu fjölmiðlar að tryggja táknaða viðurkenningu (e. symbolic recognition) þeirra, gefa þeim rödd (e. voice) og vægi (e. relevance) sem eykur tjáningar- og skoðanafrelsi í samfélaginu. Breyttir starfshættir og jafnari kynjahlutföll í fréttum ýti undir að almenningur fái að sjá, heyra og lesa um karla og konur og í ólíkum hlutverkum, og brjóta þannig upp staðalmyndir kynjanna; skapi rými fyrir ólík sjónarmið og reynslu; og fjölgi málefnafræðingum og sjónarmiðum sem birtast í fréttum og eiga erindi við fjölbreyttari hóp fólks. Hægt er að yfirfæra þessi sjónarmið á önnur kyn og aðrar félagslegar formgerðir til að stuðla að tjáningar- og skoðanafrelsi fjölbreytts hóps í samfélaginu.

1.2 Kynjagslasiða í fjölmiðlum

Það er langt í kynjajafnrétti í fjölmiðlum um allan heim. Í öllum heimsálfum hallar á konur í fréttum og ríkir karllæg fréttamenning, en verk og skoðanir karla eru almennt talin vera áhugaverðari og mikilvægari en verk og skoðanir kvenna. Vísbendingar eru um breytingar, en samt sem áður er áætlað að tæp 70 ár taki að ná jafnrétti í fréttum á heimsvísu (Djerf-Pierre & Edström 2020b; Macharia 2021). Þrátt fyrir að Ísland hafi tekið sér leiðandi stöðu í kynjajafnréttismálum á alþjóðavísu (Þorgerður Einarsdóttir 2020), hefur það ekki endurspeglast í fjölmiðlum hér á landi. Árið 2015 var Ísland í 66. sæti af 123 löndum á GEM-mælikvarðanum, sem mælir kynjajafnrétti í fjölmiðlum (Djerf-Pierre & Edström 2020b).

Hlutur kvenna í fréttum einn og sér er ekki merki um kynjajafnrétti. Málefni og hlutverk í fréttum þarf að skoða út frá þeirri félagslegu merkingu sem þeim er gefin í samfélaginu og meðal fjölmiðlafólks (Djerf-Pierre & Edström 2020b). Rannsóknir hafa sýnt fram á kynjuð málefnafræðingum í fréttum, þar sem karlar eru í meirihluti viðmælenda í „hörðum“ fréttum og konur koma oftast fram í tengslum við „mjúkar“ fréttir (North 2016). Þessi skipting er nátengd kynjuðum valdatengslum í samfélaginu og endurspeglast í stigveldisskipan málefnafræðinga, þar sem fréttir tengdar stjórnmálum, alþjóðamálum og efnahagsmálum eru taldar vera karllægar á meðan efni tengd m.a. félagsmálum, lífsstíl, heilsu og menntun eru talin vera kvenlægar og sett í lægri stöðu (Djerf-Pierre & Edström 2020b). Hlutverk í fréttum eru einnig kynjuð, en rannsóknir hafa sýnt að konur eru mun síður en karlar í ábyrgðarhlutverkum í fréttum, s.s. talsmenn eða sérfræðingar (Niemi & Pitkänen 2016; Franks & Howell 2019). Niðurstöður fyrri GMMP-rannsókna benda til þess að slík kynjaskipting sé almennt til staðar eftir málefnafræðingum og hlutverkum í fréttum. Andstætt niðurstöðum flestra annarra þátttökulanda hefur kynjamunurinn eftir málefnafræðingum ekki verið áberandi hér á landi (Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015).

Það er algeng skoðun að staða kvenna í umfjöllunarefni fjölmiðla batni með fleiri konum starfandi á fjölmiðlum. Það rímar ekki við niðurstöður rannsókna, en hlutfallslega fleiri konur framleiða fréttir en eru til umfjöllunar í fréttum (Djerf-Pierre & Edström 2020a). Talið var að birtingarmyndir kynja í umfjöllunarefni fjölmiðla myndu breytast

Þegar konur næðu „kritisískum massa“ (e. critical mass), eða um 30%, meðal fjölmiðla-fólks. Þegar það var ekki raunin var sjónum beint að hlut kvenna í stjórnendastöðum fjölmiðla (Steiner 2012). Aftur á móti eru fáar vísbendingar um að fleiri konur í stjórnendastöðum leiði til aukinnar umfjöllunar um konur í fjölmiðlaefni viðkomandi miðla. Engin bein tengsl eru á milli fjölda kvenna meðal fjölmiðlafólks og fjölda kvenna sem eru viðmælendur eða umfjöllunarefni í fréttunum. Hér á landi starfa hlutfallslega fleiri konur í fjölmiðlum en eru til umfjöllunar í fréttum og hefur verið allt frá fyrstu rannsóknum á hlut kvenna í fjölmiðlum hér á landi á 9. áratugi síðustu aldar (Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015). Frá árinu 2014 hafa konur verið um 40% félagsmanna í kjarafélögum fjölmiðlafólks, en hlutfallslega nokkru færri á fréttamiðlum (Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015). Konur hafa alltaf verið fámennar meðal æðstu stjórnenda fjölmiðla (Ragnar Karlsson & Þorbjörn Broddason 2019).

2. Aðferðarfræði

Rannsókn þessi er hluti af alþjóðlegri vöktun, *Gender and Media Monitoring Project* (GMMP)², sem er langlífasta og umfangsmesta rannsókn á hlut og birtingarmynd kvenna og karla í fréttamiðlum (Djerf-Pierre & Edström 2020b). Hún var fyrst gerð í 71 landi 1995 og hefur verið endurtekin á fimm ára fresti síðan. Fréttamiðlar í 116 löndum um allan heim voru vaktaðir að þessu sinni (Macharia 2021). Ísland hefur tekið þátt frá upphafi að undanskilinni vöktuninni árið 2005.

Vöktunin felst í að greina umfjöllun í helstu fréttamiðlum þátttökulanda einn tiltekinn dag og draga þannig upp „dæmigerða“ mynd af hlut og birtingarmynd kynjanna (Macharia 2021). Upphaflega átti vöktunin að fara fram á fyrsta ársfjórðungi 2020, en heimsfaraldur kórónuveiru setti strik í reikninginn og á endanum varð 29. september 2020 fyrir valinu.

Í samræmi við aðferðafræði GMMP (Macharia 2021, 70) greindum við fréttir í *Morgunblaðinu* og *Fréttablaðinu*, sem voru einu landsmálablöðin sem út komu vöktunardaginn, og fréttir ljósvakamiðlanna tveggja sem reka fréttastofur, þ.e. sjónvarpsfréttir RÚV (kl. 19:00 og 22:00) og *Stöðvar 2* (kl. 18:30); aðalfréttatími *Bylgjunnar* (kl. 12:00), og fréttir RÚV (kl. 12:20 og 18:00). Einnig voru greindar fréttir í sjö mest lesnu veffréttamiðlum landsins, *dv.is*; *frettabladid.is*; *kjarninn.is*; *mbl.is*; *ruv.is*; *stundin.is* og *visir.is*. Samtals var kóðuð 171 frétt, 53 í ljósvakamiðlunum, 27 í prentmiðlum og 91 vefmiðlum. Í dagblöðum voru kóðaðar 12-14 fréttir á fremstu fréttasiðum, í ljósvakamiðlum allar fréttir í fréttatímunum, en á vefmiðlum voru kóðaðar 12-14 fréttir sem birtar höfðu verið á forsíðu þegar kóðun hófst klukkan 15:00.

Fréttirnar voru kóðaðar eftir samræmdum reglum og nákvæmum leiðbeiningum GMMP (Macharia 2021). Þær eru meðal annars flokkaðar eftir fréttaflokkum eða mál-efnum (sjá töflu 1 í næsta kafla) en að þessu sinni einnig eftir því hvort þær fjölluðu um eða tengdust Covid-19-heimsfaraldrinum. Viðmælendur í fréttum eru flokkaðir eftir kyni, starfsheiti og hlutverki í fréttinni og fréttafólkið meðal annars eftir kyni og starfsheiti. Um kóðunina sáu fjórir fræðimenn við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og einn meistaranemi í blaða- og fréttamennsku (Valgerður Jóhannsdóttir 2021b). Í grein-

inni er einnig stuðst við óbirtar niðurstöður úr annarri alþjóðlegri rannsókn, sem annar höfundar vann að og er þess þá getið sérstaklega. *The Worlds of Journalism Study*³ er alþjóðleg könnun á viðhorfum og afstöðu blaða- og fréttamanna til ritstjórnarlegs sjálfstæðis, vinnubragða, siðareglna, starfsöryggis og fleiri þátta í starfi þeirra. Könnunin var lögð fyrir alla starfandi blaða- og fréttamenn hér landi vorið 2021, byggt á félagatali og upplýsingum frá fjölmiðlunum sjálfum. Í þýðinu voru tæplega 450 manns og var svarhlutfallið 50,5%. Haldið var utan um gögnin og þau greind í Excel og SPSS. Lýsandi tölfræði var notuð til að gera grein fyrir niðurstöðunum, en það er í samræmi við alþjóðlega úrvinnslu gagnanna og eldri niðurstöður rannsókna (Macharia 2021; Guðbjörg Hildur Kolbeins 2017).

Við mælingu á kynjabilinu í fréttum er notaður sérstakur mælikvarði, *Gender Equality in the Media*, GEM (eða GEM-I), sem hannaður var af fræðafólki við fjölmiðlafræðideild Gautaborgarháskóla (Färdigh o.fl. 2020). GEM-mælikvarðinn er grundaður í fræðilegri umfjöllun, einfaldur í notkun og hægt að yfirfæra á allar tegundir fréttamiðla. Hann er áreiðanlegur og mælir kynjamisræmi í báðar áttir, þ.e. hvort halli á konur eða karla. GEM byggir á sex mælingum úr vöktun GMMP, þ.e. viðveru (e. presence) kvenna og karla almennt í fréttum (viðmælenda og fréttafólks), kynjaskiptingunni í fréttum um stjórnmál og efnahagsmál (viðmælenda og fréttafólks) og kynjaskiptingu sérfræðinga og álitsgjafa í fréttum. GEM mælir meðaltal kynjabilins og getur verið á bilinu -100 til +100. 0 þýðir að konur og karlar hafa jafna stöðu í fréttum, þ.e.a.s. að kynjahlutföllin séu jöfn í öllum sex mælingunum (Djerf-Pierre & Edström 2020b).

Niðurstöðurnar ná ekki til annarra kynja en karla og kvenna. Kynjatvíhyggja er enn ráðandi í þverþjóðlegum rannsóknum, sem endurspeglar jaðarsetta stöðu annarra kynja í vísindasamfélaginu og víðar. Skilningur okkar á kyni, eða það sem kallast í fræðilegri umræðu kyngervi, er byggður á fyrrnefndum kenningum um kynjuð og samtvinnuð valdatengsl (Connell 2021; Weber 2009). Kynjamunur á milli karla og kvenna varpar því mikilvægu ljósi á kynjuð valdatengsl í samfélaginu, og hér beinum við sjónum sérstaklega að kynjuðum valdatengslum innan fjölmiðla og í fréttum.

3. Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst verður fjallað um umfjöllunarefni fréttanna, þá fólkið sem flytur okkur fréttirnar og loks um hlutfall og birtingarmyndir kvenna og karla sem rætt er við eða fjallað um í fréttum. Gerð er grein fyrir þróuninni yfir tíma og niðurstöðurnar einnig settar í alþjóðlegt og ekki síst norrænt samhengi.

3.1. Umfjöllunarefni fréttanna

Fréttir tengdar heimsfaraldri Covid-19 yfirgnæfðu allt annað 2020 og 29. september var þar engin undantekning. Hátt í helmingur fréttanna, eða 46%, tengdust Covid-19 á einhvern hátt. Það er umtalsvert herra hlutfall en að jafnaði í heimsfréttunum þennan dag þar sem hlutfall Covid-19-fréttanna var 25%, en verulegur munur var milli landa og svæða. Þannig voru til dæmis Covid-19-tengdar fréttir að jafnaði 40% allra fréttanna í Norður-

Ameríku en aðeins 12% í Afríku (Macharia 2020). Hér á landi skýrist umfang Covid-19-fréttu væntanlega að stórum hluta af því að vöktunardaginn kynnti ríkisstjórnin viðamiklar efnahagsráðstafanir vegna Covid-19 (Stjórnarráðið 2020).

Eins og sjá má á töflu 1 voru efnahagsmálin fyrirferðarmesti fréttaflokkurinn, líkt og raunin var 2015 og 2010.


Tafla 1. Hlutfall efnisflokka í öllum miðlum eftir árum

Efnisflokkar fréttu	2020	2015	2010
Stjórnmál og stjórnsýsla	12%	16%	7%
Efnahagsmál	37%	33%	34%
Vísindi og heilbrigðismál	19%	11%	8%
Félagsmál	11%	12%	6%
Afbrot og ofbeldi	9%	5%	22%
Íþróttir, listir, fjölmiðlar, frægt fólk	11%	23%	23%
Annað	2%	0%	0%
N	171	186	136

Fréttir um vísindi og heilbrigðismál eru hlutfallslega umtalsvert fleiri en í fyrri GMMP-rannsóknnum, eins og við mátti búast vegna aðstæðna í samfélaginu. Fréttum sem gjarnan eru flokkaðar sem afþreying eða mjúkar fréttir (Sjovaag 2015; Reinemann o.fl. 2012) fækkar hins vegar verulega. Það gæti skýrst af því að fámennar ritstjórnir, eins og reyndin er á flestum íslenskum fréttamiðlum (Valgerður Jóhannsdóttir o.fl. 2021), hafi einfaldlega ekki haft bolmagn til að sinna afþreyingarfréttum af sama krafti og áður, þegar Covid-19 kallaði á alla athyglina.

3.2. Fólkið sem flytur fréttirnar

Konur voru 36% blaða- og fréttamanna á íslenskum fréttamiðlum árið 2021, samkvæmt niðurstöðum *Worlds of Journalism*-rannsóknarinnar, en þær voru um 30% árið 2012 (Guðbjörg Hildur Kolbeins 2017). Konum í fréttamennsku hefur ekki aðeins fjölgað hlutfallslega heldur hefur einnig dregið úr muninum á aldri og starfsaldri þeirra og starfsbræðra þeirra. Meðalstarfsaldur kvenna var 10,3 ár og karla 12,3 ár 2021, en var 8,1 ár 2012 í samburði við 13,8 ára starfsaldur karla. Meðalaldur kvenna á fréttamiðlum er 41 ár og karla 45 ár, en var tæp 36 ár hjá konum og tæp 42 ár hjá körlum árið 2012. Niðurstöður nýjustu GMMP-vöktunarinnar virðast spegla ágætlega kynjahlutfallið á fréttastofum landsins. Þriðjungur (33%) fréttanna í íslenskum fréttamiðlum þennan septemberdag árið 2020 var skrifaður eða fluttur af konum. Það er lægra hlutfall en að meðaltali í allri heimspressunni, þar sem það var 37% (Macharia 2021) og umtalsvert lægra en að jafnaði í Evrópu þar sem 41% fréttanna var skrifað eða flutt af konum (Ross 2021). Ísland rekur einnig lestina í þessum efnunum í norrænum samanburði, ásamt Danmörku (Mynd 1).



Mynd 1. Hlutfall fréttu skrifaðar eða fluttar af konum í norrænum fréttamiðlum, GMMP 2010, 2015, 2020

Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að fréttakonur fjalli síður en karlar um fréttamál eins og pólitík, efnahagsmál og afbrot, en það hefur hægt og sígandi verið að breytast í alþjóðlegu samhengi (Macharia 2021). Niðurstöður GMMP-vöktunarinnar hafa ekki bent til þess að sú verkaskipting sé áberandi hér á landi (Eygló Árnadóttir o.fl. 2010; Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015) og sú var heldur ekki raunin árið 2020. Hátt í helmingur, eða 44%, fréttanna sem konur skrifa eða flytja eru um efnahagsmál, en 36% fréttanna sem karlar skrifa eða flytja (ekki sýnt í töflu). Fréttir um stjórnsmál og stjórnsýslu eru fáar (18) og varasamt að draga miklar ályktanir af þeim, en herra hlutfall fréttu sem konur flytja eða skrifa eru um vísindi og heilbrigðismál eða 23%, en 14% hjá starfsbræðrum þeirra.

3.3. Fólkið í fréttunum

Samtals var rætt við eða fjallað um 179 manns í fréttunum sem greindar voru vöktunardaginn árið 2020, 78 í ljósvakamiðlum, 30 í dagblöðunum tveimur og 71 í vefmiðlum, en þar eru hlutfallslega fleiri fréttir án viðmælanda. Íslenskir blaða- og fréttamenn virðast almennt sammála um að mikilvægt sé að kynjajafnréttis sé gætt í fréttum, að því er fram kom í niðurstöðum *The Media for Democracy Project* (Valgerður Jóhannsdóttir o.fl. 2021). Svarendur á einkareknum miðlum sögðust hafa „auga með því“ að rætt væri bæði við karla og konur, en skipulögð eða regluleg vöktun væri ekki fyrir hendi. Aðeins Ríkisútvarpið vaktar reglulega kynjahlutfallið í fréttum og dagskráreftni sínu og birtir niðurstöður á vefsíðu sinni.⁴ Í 23. grein fjölmiðlalaga er kveðið á um að fjölmiðlar eigi að skila fjölmiðlanefnd upplýsingum um birtingarmyndir kynjanna, þ.m.t. hlutfall karla og

kvenna í hópi viðmælanda í fréttum og fréttatengdu efni, fjölda karla og kvenna í hópi starfsmanna og aðgerðir miðilsins til að vinna gegn staðalímyndum kynjanna. Á því hefur hins vegar verið mikill misbrestur.


Niðurstöðurnar úr GMMP 2020 benda til þess að nokkuð sé í land að kynjajafnrétti í fjölmiðlum sé náð. Konur voru í minnihluta þeirra sem rætt var við eða fjallað um fréttum, eða ein af hverjum þremur samanlagt í öllum miðlum. Í hefðbundnum miðlum (prent- og ljósvaka) var hlutfall kvenna 34% en 43% í vefmiðlum. Eins og sjá má í töflu 2 er þetta umtalsvert hærra hlutfall en í rannsókninni árið 2015 og nokkuð hærra en árið 2010. Hlutur kvenna í hópi viðmælanda var óvenjurýr árið 2015 og var það, að minnsta kosti að hluta, talið skýrast af því að þann dag var brotlending flugvélar GermanWings í Ölpunum mjög áberandi í öllum fréttamiðlum en flugiðnaðurinn hefur verið mjög karllæg atvinnugrein (Bridges o.fl. 2014).

Tafla 2. Hlutfall kvenna sem rætt er við/fjallað um í prent- og ljósvaka- og vefmiðlum, GMMP 2010, 2015 og 2020*

	2010	2015	2020
Prent- og ljósvakamiðlar	28%	18%	34%
Vefmiðlar		21%	43%
Alls	28%	20%	34%


*Vefmiðlar voru ekki vaktadír fyrr en 2015

Konum hefur fjölgað mjög hægt í hópi viðmælanda síðan fyrsta vöktunin fór fram árið 1995 og verið nokkuð sveiflukennnd eins og sjá má á mynd 2 (vefmiðlar voru ekki vaktadír fyrr en árið 2015 og samanburðurinn nær því aðeins yfir prent- og ljósvakamiðla). Ísland er ekkert einsdæmi í þessum efnun. Hlutfall kvenna í fréttum almennt í heimspressunni (í prent- og ljósvakamiðlum) hefur aukist úr 17% árið 1995 í 25% árið 2020 og með sama áframhaldi tekur það 67 ár að loka kynjabilinu. Í Evrópu eru konur að meðaltali 28% viðmælanda/umfjöllunarefna í fréttum, en hæst er hlutfallið að jafnaði í Norður-Ameríku eða 33% (Macharia 2021).



Mynd 2. Hlutfall kvenna sem rætt er við eða fjallað um í fréttum í prent- og ljósvakamiðlum, GMMP 1995-2020. Ísland tók ekki þátt 2005

Norðurlöndin hafa jafnan þótt í fararbroddi í jafnréttismálum í heiminum, en tæplega hægt að segja að þau skari afgerandi fram úr þegar kemur að kynjabili í fréttum eins og sjá má á mynd 3 sem sýnir hlut kvenna í norrænum fréttamiðlum árin 2010, 2015 og 2020 í prent- og ljósvakamiðlum. Norrænu löndin hafa öll verið með frá árinu 2010 og samanburðurinn nær því ekki lengra aftur. Grænland tók þátt í nýjustu rannsókninni og er með í samanburðinum fyrir árið 2020.



Mynd 3. Hlutfall kvenna sem rætt er við eða fjallað um í fréttum í norrænum prent- og ljósvakamiðlum, GMMP 2010, 2015 og 2020

3.4 Viðmælendur fréttu og umfjöllunarefni


Ólíkt erlendum rannsóknum (Djerf-Pierre & Edström 2020b; North 2016) eru konur ekki síður viðmælendur en karlar í fréttum um samfélagslega mikilvæg málefni, líkt og stjórnsmál og efnahagsmál, árið 2020 (tafla 3). Niðurstöðurnar ríma einnig við fyrri rannsóknir hér á landi (Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015). Þannig fjalla til dæmis 47% allra fréttu árið 2020 (17 af 36), þar sem konur eru viðmælendur, um efnahagsmál, en 27% fréttanna (19 af 71) þar sem karlar eru viðmælendur. Sveiflurnar eru talsverðar milli fréttaflokkanna eftir vöktunarárum, enda fréttirnar fáar, en niðurstöðurnar eru sterk vísbending um að ekki sé síður rætt við eða fjallað um konur en karla í svokölluðum „hörðum“ fréttum. Gera verður þann fyrirvara að hér er um að ræða grófa flokkun á fréttum, og önnur kynjaskipting gæti komið í ljós við nánari sundurgreiningu. Það er þó ekki mögulegt í þessari rannsókn þar sem fréttir í undirflokkum eru of fáar til að hægt sé að draga miklar ályktanir út frá þeim. Veffréttir eru ekki með í þessum samanburði þar sem þær voru ekki vaktar árið 2010.

Tafla 3. Hlutfall kvenna og karla sem rætt er við/fjallað um eftir fréttaflokkum innan kyns, í prent- og ljósvakamiðlum, GMMP 2010, 2015 og 2020

Fréttaflokkur	2010		2015		2020	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Stjórnsmál og stjórnsýsla	12%	12%	23%	16%	6%	23%
Efnahagsmál	31%	38%	31%	26%	47%	27%
Vísindi og heilbrigðismál	4%	8%	11%	12%	19%	14%
Félagsmál	12%	8%	17%	13%	19%	10%
Afbrot og ofbeldi	29%	23%	9%	12%	0%	11%
Íþróttir, listir, fjölmiðlar, frægt fólk	12%	11%	9%	20%	6%	15%
Annað					3%	0%

Tvær af hverjum þremur fréttum (66%) sem á annað borð höfðu viðmælendur voru innlendar. Í alþjóðlegu samhengi hefur hlutur kvenna vaxið hratt í innlendum fréttum undanfarin ár, en mun hægar í erlendum fréttum, samkvæmt niðurstöðum GMMP-vöktunarinnar árið 2020 (Macharia 2021). Konur voru t.d. aðeins 13% viðmælenda/umfjöllunarefna í fréttum alþjóðlegra sjónvarpsstöðva og í 21% veffréttu og tusta alþjóðlegra fréttamiðla eins og Al Jazeera, BBC News -World, CNN International, France 24 og Reuters (Macharia 2021). Íslenskar fréttastofur hafa gegnum tíðina reitt sig mjög á erlendar fréttaveitur og -miðla, þegar kemur að öflun fréttu af erlendum vettvangi, en með stórauðnu framboði af fréttamiðlum á netinu og möguleikum á að ná í viðmælendur og taka viðtöl í síma eða um forrit eins og *Skype*, *Zoom* eða *Teams*, má færa rök fyrir því að þeir séu sjálfstæðari í þessum efnum en áður var. Engu að síður er hlutfall kvenna meðal


viðmælenda í erlendum fréttum mjög lágt, eða 6% (2 fréttir) (Mynd 4). Niðurstöðurnar hvað varðar viðmælendur í innlendum fréttum hafa tekið miklum stakkaskiptum, en hlutur kvenna í innlendum fréttum hefur um það bil tvöfaldast frá síðustu GMMP-rannsóknnum. Konur voru meirihluti þeirra sem rætt var við eða fjallað um í innlendum fréttum árið 2020 eða 57%, en þær voru 21% árið 2015 og 27% árið 2010. Hvort niðurstöðurnar bendi til þáttaskila hér á landi eða hvort þetta sé tilfallandi, og þá tilkomið vegna þess að vöktunardaginn voru kynntar Covid-19-aðgerðir þar sem forsætisráðherra og ráðherra ferðamála voru áberandi í fréttum, á eftir að koma í ljós.



Mynd 4. Hlutfall kvenna sem rætt er við/fjallað um í innlendum og erlendum fréttum í prent- og ljósvakamiðlum, GMMP 2010, 2015 og 2020


3.5 Staða og hlutverk viðmælenda í fréttum

Stjórnmálafólk var hlutfallslega fjölmennast í hópi þeirra sem rætt var við eða fjallað um í fréttum (54), og konur ein af hverjum þremur úr þeim hópi (Mynd 5). Konur voru í meirihluta meðal aðgerðasinna (17 af 24) sem rætt var við og kynjahlutfallið í hópi embættismanna var nær jafnt (9 konur og 10 karlar), en konur voru í miklum minnihluta íþróttafólks (1 af 16) og fólks úr viðskiptalífinu (1 af 15). Hafa verður í huga að þegar tilvik eru fá, þarf fjöldinn ekki að breytast mikið til að hafa mikil áhrif á hlutfallið. Hins vegar eru þessar niðurstöður svipaðar fyrri rannsóknum (Eygló Árnadóttir o.fl. 2010; Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015) og niðurstöður úr GMMP-vöktuninni á heimsvísu hníga í sömu átt (Macharia 2021).



Mynd 5. Staða kvenna sem rætt er við/fjallað um í fréttum í hefðbundnum og vefmiðlum, GMMP 2020

Í vöktun GMMP er einnig gerður greinarmunur á viðmælendum eftir hlutverki þeirra, það er hvort viðkomandi er viðfang (e. news subject) fréttarinnar, talsmaður (t.d. flokks, fyrirtækis, stofnunar eða félagsamtaka), sérfræðingur/álitsgjafi, sjónarvottur eða „fulltrúi“ almennings (e. public opinion). Niðurstöðurnar sýna að algengast er að viðmælendur í íslenskum fréttum séu þar í hlutverki talsmanns, eða yfir helmingur 2020, næstflest eru viðföng fréttanna og þar á eftir koma sérfræðingar og álitsgjafar. Konum hefur fjölgað í hópi talsmanna, en hins vegar eru þær hlutfallslega mjög fáar kallaðar til sem sérfræðingar eða álitsgjafar (Mynd 6). Það er umhugsunarvert í ljósi þess að konur hafa verið í meirihluta háskólanema síðan 1985 (Menntamálaráðuneytið 2002) og fjölgað í hópi sérfræðinga og í efstu stöðum í opinbera geiranum (Hagstofa Íslands 2019), eins og rakið var í inngangi. Konur eru einnig minnihluti sérfræðinga í norrænum fréttamiðlum, þótt alls staðar sé hlutfallið herra en hér á landi. Í Danmörku fækkaði þeim hlutfallslega frá síðustu GMMP 2015, úr 38% í 25% í prent- og ljósvakamiðlum (Jørndrup 2021). Í Svíþjóð var hlutfall kvensérfræðinga í hópi viðmælenda hefðbundnu miðlanna 21% og 31% í vefmiðlum (Edström & Jacobson 2021) og í Finnlandi 26% og 27% (Kjellman o.fl. 2021). Í Noregi var sama hlutfall 29% og 24% og á Grænlandi 75% og 50%, en þar eru mjög fáar fréttir að baki (Macharia 2021).




Mynd 6. Hlutfall kvenna sem viðfang, talskonur og sérfræðingur/álitsgjafi í fréttum, GMMP 2020, 2015 og 2010

3.6 Ísland á mælikvarða GEM

Hér á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum vöktunarinnar á íslenskum fréttamiðlum 29. september 2020 hvað varðar þær sex mælingar sem GEM-mælikvarðinn byggir á (sjá aðferðafræðikafla), þ.e. hlutfalli kvenna og karla í fréttum (bæði viðmælendur og fréttafólk); birtingarmyndum kynjanna í fréttum um stjórnsmál og efnahagsmál; og kynjahlutfallinu í hópi þeirra sem kallaðir eru til sem sérfræðingar eða álitsgjafar í fréttum. GEM-vísitalan mælir meðaltal kynjabilsins í fréttum og í niðurstöðum GMMP (Macharia 2021) kemur fram að í engu þeirra 116 landa sem tóku þátt, hefur jafnvægi verið náð og alls staðar hallar á konur. Stærst er kynjabilið í löndum í Asíu og Afríku, en minnst í Níkaragva (5%), á Seychelle-eyjum (15%), á Grænlandi (15%) og Nýja-Sjálandi (17%).

Alls staðar á Norðurlöndum hallar á konur á þennan mælikvarða, þótt öll hafi þau þokast nær jafnvægi en reyndin var árið 2015. Ísland, Noregur og Danmörk standa sig verst (Mynd 7). Öll Norðurlöndin hafa náð „krítískum massa“ af konum í fréttum, en til þess þurfa þau að vera á bilinu -40 til -20 á GEM-vísitölunni (Djerf-Pierre & Edström 2020b). Aftur á móti er Ísland, líkt og Noregur og Danmörk, ansi nálægt -40 á vísitölunni en það gefur til kynna að kynjaslagsíða sé í fréttum körlum í vil (Djerf-Pierre & Edström 2020b).



Mynd 7. Kynjabilíð í fréttum á Norðurlöndum samkvæmt GEM

4. Umræður og lokaorð

Enn er langt í land þar til jafnrétti og fjölbreytni næst í fjölmiðlum á Íslandi. Niðurstöðurnar endurspeglar kynjuð valdatengsl, þar sem karlar eru ofar en konur í stigveldisskipan í samfélaginu (Weber 2009). Konur hafa náð „kítískum massa“ (Steiner 2012) í fréttum á Íslandi, samkvæmt GEM-mælikvarðanum (Djerf-Pierre & Edström 2020b) sem mælir kynjabil í fjölmiðlum, en það er enn kynjagslasiða körlum í vil. Konur eru í minnihluta í fréttum og þeim hefur fjölgað mjög hægt í hópi viðmælenda frá upphafi vöktunar GMMP árið 1995. Þetta er í samræmi við þróunina hjá öðrum þátttökulöndum GMMP-rannsóknarinnar, en Ísland er eftirbátur annarra Norðurlanda. Í norrænum samanburði starfa fáar konur á fréttastofum landsins. Aftur á móti starfa hlutfallslega fleiri konur við fjölmiðla en eru í fréttum og endurspeglar það, líkt og fyrri rannsóknir, að ekki eru bein tengsl á milli hlutar kvenna í blaða- og fréttamennsku og fjölda og birtingarmynda kvenna í fjölmiðlum (Djerf-Pierre & Edström 2020a; Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015; Steiner 2012).

Hér á landi eru ýmsar vísbendingar um jákvæða þróun í jafnréttisátt. Það er ekki afgerandi kynjaskipting eftir málefnasviðum í fréttum, og rímar það við fyrri GMMP-kannanir (Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir 2015). Konur koma ekki síður en karlar fram í tengslum við „harðar“ fréttir, öfugt við niðurstöður erlendra rannsókna (Djerf-Pierre & Edström 2020b; North 2016). Jafnframt vekur athygli hversu hátt hlutfall kvenna er í innlendum fréttum miðað við fyrri kannanir, en enn er ekki hægt að draga ályktun af niðurstöðunum um hvort þetta endurspeglar þróun í jafnréttisátt eða hafi verið tilfallandi. Það kallar á frekari rannsóknir. Lág hlutfall kvenna í erlendum fréttum er áhyggjuefni, en niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöður fyrri GMMP-kannana

hér á landi (Valgerður Jóhannsdóttir 2020) og alþjóðlegar niðurstöður (Macharia 2021). Þessi þróun yfir undir þá tilgátu að hátt hlutfall kvenna í innlendum fréttum þennan dag hafi verið tilfallandi vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu en frekari rannsókna er þörf til draga slíkar ályktanir.

Niðurstöðurnar benda til þess að meiri kynjagslasi sé í íslenskum fréttamiðlum en ætla mátti miðað við stöðu kvenna innan íslensks samfélags almennt. Afgerandi fáar konur eru í hlutverki sérfræðinga og álitsgjafa í fréttum, og er það í samræmi við erlendar rannsóknir (Niemi & Pitkänen 2016; Franks & Howell 2019). Það er jafnframt áhyggju-efni því það er ekki í samræmi við stöðu kvenna í samfélaginu, en líkt og fram hefur komið hafa konur verið meirihluti háskólanema í tæplega fjóra áratugi (Menntamála-ráðuneytið 2002), þeim hefur farið fjölgandi í hópi sérfræðinga og konur gegna leiðandi stöðum í opinbera geiranum (Hagstofa Íslands 2019) og í fjöldahreyfingum launafólks (Alþýðusamband Íslands e.d.; BSRB e.d.). Þessi kynjamunur rímar við hugmyndir Weber (2009) um kynjuð valdatengsl og hvernig ráðandi hópurinn, í þessu tilfelli karlar, hefur greiðari aðgang pólitískum og hugmyndafræðilegum auði samfélagsins. Fjarvera kvenna í hlutverki sérfræðinga og álitsgjafa í fréttum, þrátt fyrir að fjöldi þeirra búi yfir mikilli þekkingu og reynslu, getur endurspeglad hvernig ósýnileg viðmið fyrir það hlutverk eru sniðin að ráðandi hópi karla. Full ástæða er til að skoða sérstaklega hvað veldur því að sérfræðiþekking kvenna virðist ekki skila sér í fjölmiðla í sama mæli og þekking og álit karla.

Frá sjónarhóli róttæks lýðræðis (Karppinen 2008; 2012; Curran 2011) er nauðsynlegt að greina valdatengslin í almannarýminu og grípa til aðgerða til að stuðla að jafnrétti og fjölbreytni í fjölmiðlum. Það er ekki síst á verkswiði stjórnmalanna (Karppinen 2012). Vinna þarf gegn menningu misréttis með kerfisbundnum hætti, s.s. samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alla stefnumótun og ákvarðanatöku er varða fjölmiðla (Evr-ópuráðið 2020; Padovani o.fl. 2022). Stjórnvöld hér á landi gera nú þegar ríkar kröfur til fjölmiðla með fjölmiðlalögum og jafnréttislögum. Fjölmiðlaveitur eiga m.a. að vakta birtingarmyndir kynjanna, þ.m.t. kynjahlutfall viðmælenda í fréttum og fréttatengdu efni, og veita fjölmiðlanefnd skýrslu árlega um niðurstöðurnar. Í skýrslunni skulu jafnframt koma fram kyngreindar upplýsingar um starfsfólk og aðgerðir fjölmiðlaveitna til að vinna gegn staðalímýndum kynjanna. Almennt uppfylla fjölmiðlaveitur ekki þessar kröfur. Tækifæri eru hér því til úrbóta og ljóst að fjölmiðlanefnd, sem annast eftirlit samkvæmt fjölmiðlalögum, þarf að veita fjölmiðlaveitum aukið aðhald í þessum efnun. Til að hrinda þessu í framkvæmd þurfa fjölmiðlar að innleiða verklagsreglur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk (Padovani o.fl. 2022). Í takt við ný jafnréttislög er eðlilegt að kyngreindar upplýsingar nái yfir öll kyn, karla, konur og fólk sem hefur hlutlausa skráningu kyns. Framsæknar fjölmiðlaveitur gætu jafnframt hugað að öðrum félagslegum þáttum sem móta líf fólks og félagslega stöðu (Connell 2021) í slíkum reglum og leiðbeiningum, og með þeim hætti tryggt aukna fjölbreytni í umfjöllun sinna miðla.

Aðferðafræði GMMP er ekki án takmarkana. Hún byggir á því að draga upp mynd af umfjöllun og kynjaskiptingu einn „dæmigerðan“ fréttadag, þar sem fjallað er um pólitík, efnahagsmál, afbrot, íþróttir o.s.frv., en eins og dæmin sanna er erfitt að reikna

með dæmigerðum degi í fréttum. Óvæntir atburðir gerast og „rútinu“ verkefnum er ýtt út af borðinu. Í fyrstu GMMP-rannsókninni 1995 varð gríðaröflugur jarðskjálfti í Kobe í Japan, vöktunardaginn 25. mars 2015 voru fjölmiðlar undirlagðir af fréttum um brotlendingu GermanWings-flugvélarinnar í Ölpunum og undanfarin ár hafa fréttir af heimsfaraldri yfirtekið flest annað (Macharia 2021). Okkar rannsókn takmarkast einnig af því að íslenskir fjölmiðlar eru fáir í alþjóðlegum samanburði og fréttirnar til að greina því tiltölulega fáar og bjóða ekki upp á ítarlega greiningu. Það breytir ekki því að niðurstöðurnar gefa skýrar vísbendingar um að konur eru hlutfallslega færri í fréttum, en ætla mætti út frá stöðu þeirra í samfélaginu, og það er í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna á hlut karla og kvenna í fréttamiðlum, bæði hér heima og annars staðar á Norðurlöndum (RÚV e.d.; Jørndrup 2021; Rósa G. Erlingsdóttir 2015). Niðurstöður GMMP takmarkast einnig við kyn, en það eru fleiri samtvinnaðir þættir sem skilgreina stöðu ólíkra hópa og eru mikilvægir í umræðu um jafnrétti (Weber 2009) og lýðræði (Curran 2011). GEM-mælikvarði er einnig þeim takmörkunum háður að hann nær ekki yfir allar birtingarmyndir kynjamisréttis í fjölmiðlum. Margar birtingarmyndir þess er erfitt að rannsaka með einföldum hætti, s.s. framkomu og orðræðu í fréttum (Djerf-Pierre & Edström 2020b).

Það sem birt er í fréttamiðlum er líka aðeins önnur hliðin á peningnum. Netið og stafræn tækni hafa gjörbreytt framleiðslu dreifingu fjölmiðlaefnis og neyslu og möguleikar fólks á að afla sér upplýsinga um hvað eina án milligöngu þeirra eru margfalt meiri en fyrir áratug. Flestir fá sínar fréttir enn fyrst og fremst úr hefðbundnum ritstýrðum fjölmiðlum (Bonfadelli o.fl. 2022; Valgerður Jóhannsdóttir 2021a; Newman o.fl. 2020), en hlutur samfélagsmiðla fer vaxandi og áhugavert og brýnt að skoða hlut og birtingarmyndir kynjanna á þeim vettvangi (Lee 2021).

Gildi GMMP liggur ekki síst í því að gera mögulegt að bera stöðuna hér á landi saman við stöðuna annars staðar í heiminum og greina þróunina yfir tíma. Í öllum þátttökulöndum GMMP hallar á konur í fréttum, þótt fjölmiðlaumhverfi þeirra sé um margt mjög ólíkt. Hér hefur samanburðurinn að mestu verið norrænn, en fjölmiðlakerfi og -umhverfi Norðurlandanna eiga margt sameiginlegt. Fréttaneysla er útbreidd og í öllum ríkjunum starfrækt öflugt ríkisútvarp. Ýmislegt er þó frábrugðið. Öfugt við hin norrænu ríkin hafa einkareknir fjölmiðlar hér á landi til að mynda ekki verið styrktir af opinberu fé, þar til fyrir tveimur árum og hér hefur hlutur fríblaða verið stærri. Fjölmiðlamarkaðurinn er einnig mjög lítill í samanburði við stóru löndin fjögur (Valgerður Jóhannsdóttir 2021a; Jón Gunnar Ólafsson & Valgerður Jóhannsdóttir 2020). Um áhrif þessa er erfitt að fullyrða, það er augljóslega flókið samband. Fjölmiðlamarkaðurinn á Grænlandi er til dæmis agnarsmár en eigi að síður benda fyrstu mælingar þar til þess að kynjajafnrétti í fréttum sé meira en í nokkru hinna norrænu landanna (Hussain 2021, 20). Áhugavert væri að rannsaka hvort og þá hvaða samband er á milli fyrirkomulags fjölmiðlunar og kynjajafnréttis í fréttum, en það er út fyrir markmið þessarar rannsóknar.

Fáir efast um að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélögum. Lýðræði krefst þess að fólk hafi aðgang að upplýsingum og umræðu um samfélagsleg málefni (sjá t.d. Ragnar Karlsson & Þorbjörn Broddason 2019; Fenton 2014; Karppinen 2012;

Alberg & Curran 2012; Trappel 2011). Þótt fjölmiðlaumhverfið hafi gerbreyst og möguleikar fólks á að afla sér hvers kyns upplýsinga hafi margfaldast og sé ekki bundið við hefðbundna fjölmiðla, er dagskrárvald þeirra eigi að síður mikið (Djerf-Pierre & Shehata 2017; Shehata & Strömbäck 2013).

Djerf-Pierre og Edström (2020a) benda á að alltaf sé hægt að segja aðrar sögur, velja annað sjónarhorn og aðrar raddir. Við hverja er talað í fréttum og um hvað skiptir máli. Með karllægri slagsíðu í fréttum eiga fjölmiðlar sinn þátt í að viðhalda kynjaskekkju samfélagsins. Alþjóðasáttmálar og lög leggja skyldur á herðar fjölmiðlum í jafnréttismálum og vönduð fjölmiðlun krefst þess að þeir axli þær skyldur og taki tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða í öllu sínu starfi. Jafnari kynjahlutföll í fréttum stuðla að því að fólk fái að sjá, heyra og lesa um fólk af öllum kynjum í ólíkum hlutverkum. Þeir skapa þannig rými fyrir ólík sjónarmið og reynslu og eiga erindi við fjölbreyttari hóp fólks.

Aftanmálsgreinar

- 1 Í tilskipun Ráðherranefndar Evrópuráðsins er aðeins fjallað um konur og karla, en líkt og fram kemur í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 eru kynin fleiri en tvö.
- 2 Nánari upplýsingar um GMMP 2020 er að finna á www.whomakesthenews.org

Heimildir

- Aalberg, T. og Curran, J. (2012). *How media inform democracy: A comparative approach*. New York: Routledge.
- Alþingi (e.d.a). „Konur á Alþingi“. Sótt af <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/kjornar-konur/>
- Alþingi (e.d.b). „Ráðuneyti frá 1917“. Sótt af <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/radherrar-og-raduneyti-1904-2010/raduneyti-1917-2011/>
- Alþýðusamband Íslands (e.d.). „Forseti“. Sótt af <https://www.asi.is/um-asi/skipulag/forseti/>
- BSRB (e.d.). „Formaður og varaformenn“. Sótt af <https://www.bsrb.is/is/bsrb/skipulag-bsrb/formadur-og-varaformenn>
- Arnar Þór Ingólfsson (2022). „Þrátt fyrir að ég vilji fá handritin heim vil ég fá dönsku fjölmiðlastefnuna“, *Kjarninn*, 7. febrúar. Sótt af <https://kjarninn.is/frettir/thratt-fyrir-ad-eg-vilji-fa-handritin-heim-vil-eg-fa-donsku-fjolmidlastefnuna/>
- Bennett, W.L. og Iyengar, S. (2010). “The Shifting Foundations of Political Communication: Responding to a Defense of the Media Effects Paradigm”, *Journal of Communication* 60, 35-39. <https://doi.org/10.1111/j.1460-2466.2009.01471.x>
- Bonfadelli, H., Jóhannsdóttir, V., Nord, L. og Vandenberghe, H. (2022). „Comparing news media reach: Exploring effects of asymmetric news media consumption“, í J. Trappel og T. Tomaz (ritstj.), *Success and failure in news media performance: Comparative analysis in the Media for Democracy Monitor 2021* (bls. 129-146). Gothenburg: Nordicom, University of Gothenburg.
- Bridges, D., Neal-Smith, J., og Mills, A.J. (2014). *Absent Aviators. Gender Issues in Aviation*. Surrey, Burlington: Ashgate.
- Byerly, C.M. (2016). *The Palgrave international handbook of women and journalism*. New York: Palgrave.
- Connell, R. (2021). *Gender: In World Perspective* (4. útg.). Cambridge: Polity Press.
- Curran, J. (2011.) *Media and democracy*. New York: Routledge.
- Curran, J., Salovaara-Moring, I., Coen, S. og Iyengar, S. (2010). „Crime, foreigners and hard news: A cross-national comparison of reporting and public perception“, *Journalism* 11(1), 3-19.

- Curran, J., Iyengar, S., Lund, A.B. og Salovaara-Moring, I. (2009). „Media System, Public Knowledge and Democracy A Comparative Study“, *European Journal of Communication* 24(1), 5-26.
- Djerf-Pierre, M. og Edström, M. (2020a). „Comparing gender and media equality across the globe: Understanding the qualities, causes, and consequences“, í M. Djerf-Pierre og M. Edström (ritstj.). *Comparing Gender and Media Equality Across the Globe: A Cross-National Study of the Qualities, Causes, and Consequences of Gender Equality in and through the News Media* (bls. 11-56). Gothenburg: Nordicom, University of Gothenburg.
- Djerf-Pierre, M. og Edström, M. (2020b). „The GEM-Index: Constructing a unitary measure of gender equality in the news“, í M. Djerf-Pierre og M. Edström (ritstj.), *Comparing gender and media equality across the globe: A cross-national study of the qualities, causes, and consequences of gender equality in and through the news media* (bls. 59-98). Gothenburg: Nordicom, University of Gothenburg.
- Djerf-Pierre, M. og Shehata, A. (2017). „Still an Agenda Setter: Traditional News Media and Public Opinion During the Transition From Low to High Choice Media Environments“, *Journal of Communication* 67(5), 733-757. <https://doi.org/10.1111/jcom.12327>
- Edström, M. og Jacobsson, J. (2021). *Global Media Monitoring Project 2020. Nationell rapport Sverige. Räkna med kvinnor*. Sótt af https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/07/RAKNA-MED-KVINNOR-2020_JMG_Arbetsrapport_87.pdf
- Elvestad, E. og Shaker, L. (2017). „Media Choice Proliferation and Shifting Orientations Towards News in the United States and Norway, 1995-2012“, *Nordicom Review* 38, 1-17.
- Embætti landlæknis (e.d.). „Um embættið“. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/um-embættid/>
- Evrópuráðið (2020). *Gender equality and the media. Analytical report – 2019 data*. Strasbourg: Council of Europe.
- Eygló Árnadóttir, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2010). „Konur og karlar í fjölmiðlum: Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun“, *Þjóðarspejillinn 2010. Rannsóknir í Félagsvísindum XI*, 35-45.
- Fenton, N. (2014). „Defending whose democracy?“, *Nordicom Review: Nordic Research on Media and Communication* 35(Special issue), 31-34. <https://sciendo.com/downloadpdf/journals/nor/35/s1/article-p30.pdf>
- Färdigh, M.A., Djerf-Pierre, M., Edström, M., Byerly, C.M., Macharia, S., Padovani, C. og Ross, K. (2020). *The GEM Dataset, version 1. Comparing Gender and Media Equality (GEM) Project*. Sótt af <https://www.gu.se/en/research/gemdataset>
- Franks, S. og Howell, L. (2019). „Seeking women’s expertise in the UK broadcast news media“, í C. Carter, L. Steiner og S. Allan (ritstj.), *Journalism, Gender and Power* (bls. 49-62). Oxford: Routledge.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins (2017). *Country report. Journalists in Iceland*. Sótt af https://epub.uni-muenchen.de/32014/1/Kolbeins%2C_Gu%C3%B0bjorg_Hildur_Journalists_in_Iceland.pdf
- Hagstofa Íslands (2020). „Konur 34,7% stjórnarmanna í fyrirtækjum með 50 launþega eða fleiri“, 6. maí. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/fyrirtaeki/stjornir-og-framkvaemdastjorar-fyrirtaekja-2019/>
- Hagstofa Íslands (2019). „Meðalatvinnutekjur karla hærri en tekjur kvenna með sömu menntun“, 8. mars. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/konur-og-karlar-a-landi-2019/>
- Hussain, N. (2021). *Greenland. National report. Who makes the news 2020*. Sótt af <https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/09/Greenland-GMMP-report-English.pdf>
- Hölig, S., Nielsen, R.K. og Schröder, K.C. (2016). „Changing forms of cross-media news use in Western Europe and beyond“, í J.L. Jensen, M. Mortensen og J. Ørmen (ritstj.), *News across media: Production, distribution and consumption* (bls. 102–122). New York: Taylor and Francis.
- Jón Gunnar Ólafsson og Valgerður Jóhannsdóttir (2020). „Media and Politics in Iceland“, í E. Skogerbo, Ø. Ihlen, N. Nørgaard Christensen og L. Nord (ritstj.), *Power, communication and politics in the Nordic countries* (bls. 51-68). Gothenburg: Nordicom.
- Jón Ólafsson (2016). „Þekkingarmiðað lýðræði – þegar þekking lýðsins ræður“, *Stjórnmál & stjórnsýsla*

- 12(2), 491-516.
- Jørndrup, H. (2021). *Ligestilling i nyhedsmedierne: Den danske del af undersøgelsen: Who makes the news? 2020*. Sótt af <https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/08/LIGESTILLING-I-MEDIERNE-2020.pdf>
- Kalogeropoulos, A., Suiter, J., Udriš, L. og Eisenegger, M. (2019). „News media trust and news consumption: Factors related to trust in news in 35 countries“, *International Journal of Communication* 13, 22.
- Karlsen, R. og Aalberg, T. (2021). „Social Media and Trust in News: An Experimental Study of the Effect of Facebook on News Story Credibility“, *Digital Journalism*. DOI: 10.1080/21670811.2021.1945938
- Karppinen, K. (2008). „Media and the paradoxes of pluralism“, í D. Hesmondhalgh og J. Toyne (ritstj.), *The media and social theory* (bls. 27-42). New York: Routledge.
- Karppinen, K. (2012). „Uses of democratic theory in media and communication studies“, *Observatorio (OBS*) Journal* 7, 1-17.
- Kjellman, M., Mannila, S. og Siivonen, J., (2021). *GMMP Finland 2020: National report*. Sótt af https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/08/GMMP-country-report_FINLAND_13.8.2021.pdf
- Lee, P. (2020). „Preface“, í S. Macharia, (ritstj.). *Who makes the news. 6th Global Media Monitoring Project*. London: WACC. Sótt af https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/11/GMMP2020.ENG_FINAL_.pdf
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
- Lög um fjölmiðla nr. 38/2011.
- Macharia, S. (2021). *Who makes the news. 6th Global Media Monitoring Project*. London: WACC. Sótt af https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/11/GMMP2020.ENG_FINAL_.pdf
- McNair, B. (2009). „Journalism and democracy“, í K. Wahl-Jørgensen. og H. Thomas (ritstj.), *The handbook of journalism studies* (bls. 293-306). New York: Taylor & Francis.
- McNair, B. (1998). *The Sociology of Journalism*. London: Arnold.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2018). *Rekstrarumhverfi fjölmiðla: Tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinnna fjölmiðla*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Rekstrarumhverfi%20fj%20c3%b6lmi%20c3%b0la_25.%20jan%20c3%baar%202018.pdf
- Menntamálaráðuneytið (2002). *Konur í vísindum á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið
- Mouffe, C., Viðar Þorsteinsson (þýð.) (2004). „Til varnar ágreiningslíkani um lýðræði“, *Hugur* 16(1), 44-66. Sótt af <https://timarit.is/gegnir/000830517>
- Neff, T. og Pickard, V. (2021). „Funding Democracy: Public Media and Democratic Health in 33 Countries“, *The International Journal of Press/Politics*. <https://doi.org/10.1177/19401612211060255>
- Newman, N., Fletcher, R., Levy, D.A.L. og Nielsen, R.K. (2016). *Reuters Institute digital news report 2016*. Sótt af <https://www.digitalnews-report.org/survey/2016/>
- Newman, N., Fletcher, R., Schulz, A., Andi, S. og Nielsen, R.K. (2020). *Reuters Institute digital news report 2020*. Sótt af https://reutersinstitute.politics.ox.ac.uk/sites/default/files/2020-06/DNR_2020_FINAL.pdf
- Nielsen, R.K. og Schröder, K.C. (2014). „The relative importance of social media for accessing, finding, and engaging with news“, *Digital Journalism* 2(4), 472-489. <https://doi.org/10.1080/21670811.2013.872420>
- Nielsen, R.K. og Schröder, K.C. (2013). *Danskernes brug af nyhedsmedier 2013*. Roskilde: Roskilde Universitet.
- Niemi, M.K. og Pitkänen, V. (2017). „Gendered use of experts in the media: Analysis of the gender gap in Finnish news journalism“, *Public understanding of science* 26(3), 355-368.
- North, L. (2016). „The Gender of “soft” and “hard” news: Female journalists’ views on gendered story allocations“, *Journalism Studies* 17(3), 356-373.

- Padovani, C., Belluati, M., Karadimitriou, A., Horz-Ishak, C. og Baroni, A. (2022). „Gender inequalities in and through the media: Comparing gender inequalities in the media across countries”, í J. Trappel og T. Tomaz (ritstj.), *Success and failure in news media performance: Comparative analysis in the Media for Democracy Monitor 2021* (bls. 79-100). Gothenburg: Nordicom, University of Gothenburg.
- Ragnar Karlsson og Þorbjörn Broddason (2019). „Íslenska fjölmiðlakerfið: Þróun og sérkenni“, í Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henryson (ritstj.), *Íslenskt ljósræði: Starfsvenjur, gildi og skilningur*. Reykjavík: Siðfræðistofnun.
- Reinemann, C., Stanyer, J., Scherr, S. og Legnante, G. (2012). „Hard and soft news: A review of concepts, operationalizations and key findings”, *Journalism* 13(2), 221-239.
- Ross, K. (2021). *Europe: Regional report. Who makes the news. 6th Global Media Monitoring project*. Sótt af <https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/07/Europe-Region.-GMMP-report.pdf>
- Rósa G. Erlingsdóttir (2015). „Viðmælendur í fréttum og völdum umræðubáttum fjölmiðla“. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu á Jafnréttisþingi, Reykjavík.
- RÚV (e.d). „Kynjahlutfall viðmælenda RÚV 2020“. Sótt af <https://www.ruv.is/i-umraedunni/kynjahlutfall-vidmaelenda-ruv-2020>
- Shehata, A. og Strömbäck, J. (2013). „Not (yet) a new era of minimal effects: A study of agenda setting at the aggregate and individual levels”, *The International Journal of Press/Politics* 18(2), 234-255.
- Sjovaag, H. (2015). „Hard news/soft news: The hierarchy of genres and the boundaries of the profession“, í M.L. Carlson og S.C. Lewis (ritstj.), *Boundaries of Journalism: Professional, Practices and Participation* (bls. 101-117). New York: Routledge.
- Steiner, L. (2012). „Failed theories: Explaining gender difference in journalism“, *Review of Communication* 12(3), 201-223.
- Stjórnarráðið (2020). „Átta nýjar stöðugleikadagerðir“, 29. september. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/09/29/Atta-nyjar-stodugleikaadgerdir/>
- Tilskipun Ráðherraráðs Evrópuráðsins um fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun 2007/2, samþykkt 31. janúar 2007.
- Tilskipun Ráðherraráðs Evrópuráðsins um kynjajafnrétti og fjölmiðla 2013/1, samþykkt 10. júlí 2013.
- Tuchman, G. (1972). „Objectivity as Strategic Ritual: An Examination of Newsmen's Notions of Objectivity“, *American Journal of Sociology* 77(4), 660-679.
- Tuchman, G. (1979). „Women's depiction by the mass media“, *Signs: Journal of Women in Culture and Society* 4(3), 528-542.
- Trappel, J. og Tomaz, T. (2021). „Democratic performance of news media: Dimensions and indicators for comparative studies“, í J. Trappel og T. Tomaz (ritstj.), *The Media for Democracy Monitor 2021: How Leading News Media Survive Digital Transformation, Vol.1* (bls. 11-58). Gothenburg: Nordicom.
- Trappel, J. (2011). „Why democracy needs media monitoring“, í J. Trappel, H. Nieminen og L. Nord (ritstj.), *The media for democracy monitor* (bls. 11-28). Gothenburg: Nordicom.
- Trappel, J. og Nieminen, H. (2018). „Media and Democracy: A Couple Walking Hand in Hand“, í L. d'Haenaens, H. Sousa og J. Trappel (ritstj.), *Comparative Media Policy, Regulation and Governance in Europe* (bls. 187-206). Bristol: Intellect.
- Valgerður Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Ólafsson og Friðrik Þór Guðmundsson (2021). „Iceland: A small media system facing increasing challenges“, í J. Trappel og T. Tomaz (ritstj.), *The Media for Democracy Monitor 2021: How Leading News Media Survive Digital Transformation, Vol.2* (bls. 275-314). Gothenburg: Nordicom.
- Valgerður Jóhannsdóttir (2021a). „News consumption patterns in Iceland“, *Nordicom Review* 42(2) 87-101. <https://doi.org/10.2478/nor-2021-0019>
- Valgerður Jóhannsdóttir (2021b). *Iceland: National report. Who makes the news. 6th Global Media Monitoring project*. Sótt af <https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/2021/11/Iceland-GMMP-country-report-2020.pdf>

- Valgerður Jóhannsdóttir (2020). „Commercialization in the Icelandic Press: An analysis of hard and soft news in major print and online media in Iceland in times of change“, *Journalism* 21(11), 1762–1778. <https://doi.org/10.1177/1464884918768494>
- Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2015). „Gender bias in the media: the Case of Iceland“, *Stjórn mála & stjórnsýsla* 11(2), 207-230.
- Valgerður Jóhannsdóttir (2015). *Iceland: National report. Who makes the news. 6th Global Media Monitoring project*. Sótt af https://whomakesthenews.org/wp-content/uploads/who-makes-the-ews/Imported/reports_2015/national/Iceland.pdf
- Waisbord, S. (2013). *Reinventing professionalism: Journalism and news in global perspective*. New York: John Wiley & Sons.
- Weber, L. (2009). *Understanding race, class, gender, and sexuality: A conceptual framework* (2. útg.) New York: Oxford University Press.
- Webster, F. (2011). „Information and democracy: The weakening of social democracy“, í P. Stylianou (ritstj.), *Media perspectives for the 21st century* (bls. 21-40). New York: Routledge.
- World Economic Forum (2021). *Global Gender Gap Report 2021*. Sótt af <https://www.weforum.org/reports/global-gender-gap-report-2021/digest>
- Þingskjal 215 (2010-2011). Frumvarp til laga um fjölmiðla. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/139/s/0215.html>
- Þorgerður Einarsdóttir (2020). „All that glitters is not gold: Shrinking and bending gender equality in rankings and nation branding“, *NORA-Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 28(2), 140-152.

